

## Stjórnarfundur STEFs 1. október 2019 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 1. október 2019 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Hjálmar H. Ragnarsson, Jakob Frímann Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Bragi Valdimar Skúlason. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 26. ágúst og útdráttur úr fundargerð voru samþykkt án breytinga.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Nýr kynningarbæklingur STEFs; *Láttu tónlistina vinna fyrir þig.*
- b. Undirritaðir samningar við leikhúsin, bæði um frumsamda tónlist og áður útgefna tónlist.

*Hjálmar vakti athygli á því að hann teldi samninga þessa ekki henta fyrir óperur og söngleiki og var ákveðið í framhaldinu að athuga hvort ekki sé hægt að gera sérstaka samningi um slík verk.*

- c. Lög um breytingu á skattalögum vegna greiðslu fjármagnstekjuskatts af s.k. síðari afnotum höfundarverka.
- d. Samantekt um framkvæmd og áhrif skattalagabreytingarinnar.

*Nokkur umræða varð um þetta mál og þrátt fyrir að stjórn fagni breytingunni, telur hún ljóst að vinnan við þessa hagsmunabaráttu sé ekki lokið, því nokkrir vankantar eru á lögunum. Mikilvægt er talið að STEF komi að þeirri vinnu að semja reglugerð þá sem fylgja mun lögunum.*

- e. Drög að minnisblaði til NCB um útibú NCB á Íslandi.
- f. Auglýsing eftir forstöðumanni sölu- og innheimtusviðs.

*Stjórn óskaði eftir því að auglýsing um starfið yrði einnig birt í dagblaði, ekki einungis í netheimum.*

- g. Rafrænt fréttabréf STEFs.
- h. Samantekt úr sjálfsmati stjórnar – lagt fram til upplýsingar.
- i. Upplýsingar um Keychange-verkefnið til umsækjenda.

Auk þessa gerði framkvæmdastjóri sérstaka grein fyrir máli *Útfararstofu Íslands og Útfararstofu Hafnarfjarðar*, en um það er nánar fjallað í yfirliti til stjórnar um rekstur.

3. Yfirlit yfir leyfisgjöld vegna lifandi flutnings í nokkrum löndum lagt fram til upplýsingar.
4. Reglur stjórnar um áhættustýringu, lagðar fram í annað sinn.

*Reglurnar eru samþykktar. Lagt er til að skoða áhættustýringu nánar sem hluta af stefnumótun stjórnar.*

5. Kynning á nýju tölvukerfi STEFs, sem verið hefur í vinnslu um nokkurt skeið og ber vinnuheimtið *Framtíðarstef*.

*Hilmar Kári Hallbjörnsson verkefnisstjóri hugbúnaðarþróunar, ásamt tölvunarfræðingunum Unni Halldórsdóttur og Hreiðari Kristni Hreiðarssyni, komu á fundinn og héldu kynningu. Var mikil ánægja með nýja kerfið.*

6. Miðstöð leyfisveitinga – ICE eða Polaris. Kynning frá fundi framkvæmdastjóra með STIM v. ICE.
7. Ný verðskrá fyrir hlaðvörp lögð fram.

*Verðskráin var samþykkt og hefur hún verið birt á heimasíðunni.*

8. Undirbúningur rafrænnar kosningar til fulltrúaráðs og skipan kjörstjórnar.

*Upplýsingar um þær ákvarðanir og framkvæmd sem þarf að fara fram til undirbúnings kosninga voru lagðar fram. Þá var einnig lögð fram áætlun um framkvæmd rafrænna kosninga.*

*Samþykkt var að framkvæmdastjóri ásamt forstöðumanni rekstrarsviðs og Einar Hafliða, endurskoðanda STEFs, yrðu skipuð í kjörstjórn.*

*Þá var samþykkt að við rafræna kosningu yrði notast við kosningakerfi Zenter, sama kerfi og Rithöfundasambandið hefur notast við í kosningum sínum undanfarin ár. Þá var eftirfarnandi framkvæmd kosninga samþykkt:*

- Eftir að kjörskrá liggur fyrir verði þeim sem hafa atkvæðarétt sendur tölvupóstur úr Zenter-kerfinu með aðgerðarhnappi. Þeir sem vilja kjósa rafrænt nota þann hnapp til að tilkynna um slíkt fyrir tiltekinn frest. Ein ítrekun verði send út til þeirra um að tilkynna um vilja til að kjósa rafrænt.
- Þeir sem ekki svara rafræna póstinum fá senda kjörseðla á pappír.
- Sjálf kosningin fer síðan þannig fram að Zenter-kerfið sendir þeim, sem ákveðið hafa að kjósa rafrænt, hlekk til að geta kosið. Hver og einn fær senda jafnmarga kosningahlekk (tölvupósta) og fjöldi þeirra atkvæða sem viðkomandi fer með. Með því að opna hlekkinn opnast „atkvæðaseðill“. Eftir að atkvæðagreiðslu er lokið fær viðkomandi staðfestingu á skjánum um móttöku atkvæðisins.
- Kosningin verður opin allan sólarhringinn í tiltekinn tíma. Atkvæðagreiðsla á pappír verður opin í jafnlangan tíma. Kjósi einhver tvisvar eða oftár með sama hlekk, gildir síðasta kosningin.

Gerð er grein fyrir því að kerfið getur bara einu sinni sent út kjörgögn og ef tölvupóstur týnist er ekki hægt að senda nýjan hlekk á viðkomandi, þar sem hver og einn á kjörskrá fær sérstakan hlekk – þetta er ekki bara einn opinn hlekkur. Þetta er í raun svipað og ef pappírsgögn týnast.

9. Kolefnisjöfnun ferða STEFs – tillaga um samning við *Votlendissjóð*.

*Samþykkt var að ganga til samninga við *Votlendissjóð* um fast árlegt gjald fyrir kolefnisjöfnun, sem miðast við 15 ferðir til Evrópu.*

10. Önnur mál:

- Beiðni um styrk til gerðar heimildarmyndar um Megas.

*Samþykkt var að veita styrk að fjárhæð kr. 500.000, með þeim fyrirvara að framleiðslan verði að öðru leyti fullfjármögnuð. Hjálmar H. Ragnarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.*

- Söngvaskáldabúðir með Robin Jensson o.fl.

*Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndinni að söngvaskáldabúðum með Robin Jensson frá Ekko Music Rights í Svíþjóð og fékk heimild stjórnar til að halda áfram vinnu við skipulagningu.*

- Þórunn Gréta gerði grein fyrir vinnu hennar ásamt Braga Valdimar og Óttarri varðandi heiðursmerki STEFs.

Fleiri mál voru ekki fram borin.

Fundi slitið kl. 13:20.